

Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Bráðabirgðalög, er nema úr gildi bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898, er banna dönskum þegnum líðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga, undirskrifuð af konungi 24. maí 1899. (A. nr. 5, bls. 46—47).

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 17. maí 1899. (A. nr. 7, bls. 48—49).

Boðskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 50—51).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 8, bls. 52—53).

Reglugjörð handa læknaskólanum í Reykjavík, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 26. júní 1899 (A. nr. 9, bls. 54—61).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 9. júlí 1899. (A. nr. 10, bls. 62—63).

Auglýsing um pest í Alexandríu, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 26. júlí 1899. (A. nr. 11, bls. 64—65).

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bygging nýrrar kirkju á Hesteyri. — Samkvæmt beiðni safnaðarins í Staðarprestakalli í Aðalvík, samþykki hlutaðeigandi hjeradsfundar og tillögum yðar, herra biskup, í brjefi yðar 13. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að í nefndu prestakalli verði byggð kirkja á Hesteyri, sem hafi sameiginlega sókn og sjóð við kirkjuna á Stað í Aðalvík. 17. júlí

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar.

S k ý r s l a

86

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—26. júní 1899.

Ár 1899, 23. dag júním. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum, Guðlaugi Guðmundssyni, sýslumanni á Kirkjubæjarklaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóranúpi (úr Árnessýslu), Jóni Gunnarssyni verzlunarstjóra í Keflavík (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti síra Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1898; var hann falinn amtsráðsmönnum úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1898, sem var framlagður, var falinn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þjóðjarðalandseta í Suðuramtinu fyrir 1898, sem ennfremur var framlagður, var falinn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.

28. dag ágústm. 1899.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.

86 4. Enn fremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1898—1899, reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1898—99, með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins 31. maí 1899 og sjóðsreikning skólabúsins 1898—99, og skrá yfir eigur skólabúsins 1. júní 1899. Þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

5. Forseti skýrði frá því, að hann hefði samkv. áskorun amtsráðsins á fundi þess 30. júní—2. júlí f. á., skrifað sýslumönnum í Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu, 15. júlí f. á., og samkv. áskorun amtsráðsins í Vesturamtinu á fundi þess, 8.—10. júní f. á., sýslumönnum í Strandasýslu, Barðastrandarsýslu (að því leyti er snertir austurhluta sýslunnar), Dalasýslu, Snæfellsness og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu 13. s. m., og skipað svo fyrir, að almennar fjárskóðanir og þaðanir skyldu framfara á komandi hausti og skyldi þeim vera lokið fyrir jól, sbr. Stj.tíð. 1898, B. bls. 141 og 155. Skýrslur um árangurinn af skóðunum og böðunum og um heilbrigðisástand sauðfjárins í hverjum hreppi, skyldu komnar til amtsins fyrir lok febrúarmán.

Ennfremur skýrði forsetinn amtsráðinu frá innihaldi þeirra brjefa, sem hann hefði skrifað sýslumönnum í Árnessýslu og Rangárvallasýslu 15. júlí f. á., útaf áskorun ráðsins um, að gjörðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hepta samgöngur við Rangárvallasýslu, svo sem með því, að banna flutning lífsfjár yfir Þjórsá, ef horfurnar skyldu spillast inillí Hvítár og Þjórsár.

Forseti lagði fram skýrslur þessar, sbr. að öðru leyti Stjórnartíðindi 1899, B. bls. 136—138 aptur að orðunum: »eptir skýrslum hlutadeigandi sýslumanna«.

Forseti bar því næst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu til-tækilegastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis.

Amtsráðið ályktaði að skora á forseta, að fyrirskipa hinar venjulegu sjerstöku ráðstafanir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Dalasýslu, Kolbeinsstaða-hreppi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Kjósar-, Kjalarness- og Mosfells-hreppum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Þingvallasveit í Árnessýslu. Að öðru leyti skyldu haustskóðanir fram fara á hinu svo nefnda kláðagrunaða svæði í báðum ömtunum, og þaðanir í þeim hreppum, þar sem kláða yrði vart.

Samt skyldi vera leyfilegt, að viðhafa tóbakssósuþurð í stað þaðana.

6. Forseti lagði fram skýrslu amtsdýralæknisins, dags. 15. þ. m., um ferðir hans um Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu á síðastliðnu hausi, til þess að bólusetja fje gegn bráðapest og kenna það öðrum, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 30. júní — 2. júlí f. á. (Stj.tíð. 1898, B. bls. 146). Dýralæknir skýrir svo frá, að það bóluefni, sem hann hafi fengið frá Kaupmannahöfn síðastliðið haust, hafi eigi reynzt eins vel, og hann hafi búizt við, eptir bólunefninu frá 1897 að dæma; hafi því bólusetningar eigi

orðið eins almennar og æskilegt hefði verið. Af skýrslum þeim, sem hann til þessa hefði fengið, — nokkrar væru ókomnar, — sæist, að af þeim 6500 kindum, sem hann og þeir, sem hann hefði kennt bólusetningu, hefðu bólusett, hefðu drepizt c. 3,5% eða talsvert meira en haustið 1897, því að þá hafi drepizt að eins 1 af 1000; þetta væri þó hverfandi lítið í samanburði við það, sem bráðapestin dræpi árlega af óbólusettu fje.

Dýralæknir skýrir ennfremur frá, að Árnesingar hafi fengið hjá sjer alt það bóluefni, sem þeir hefðu beðið um, og sömuleiðis Þórður Stefánsson frá Varmalæk það bóluefni, sem beðið hefði verið um handa honum.

Amtsráðið ályktaði að skora á dýralækni að útvega og hafa til nægilegt bóluefni handa þeim, sem lært hafa að bólusetja og æskja eptir að fá það.

7. Forseti skýrði frá því, hvernig hlutaðeigandi sýslumenn hefðu fullnægt úrskurðum þeim, sem amtsráðið hefði lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðs-reikningana fyrir 1897.
8. Þá voru lagðir fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir úr öllum sýslum amtsins fyrir 1898, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna, og yfirfarnir af forseta ráðsins.

Reikningarnir voru því næst úrskurðaðir af amtsráðinu.

9. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.
 - A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 6. og 7. apríl þ. á.
 - B. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 21. jan. þ. á.
Jafnaðarsjóðsgjaldið 83 kr. 85 a er ekki talið í áætluninni yfir tekjur og gjöld sýslunnar fyrir 1899.
 - C. Úr Rangárvallasýslu frá 5.—7. apríl þ. á.
 - D. Úr Árnessýslu frá 12.—15. apríl þ. á.
 - E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 14. og 15. nóv. f. á., 25.—27. apríl þ. á. og 18. maí þ. á.

Jafnaðarsjóðsgjaldið 1041 kr. 46 a. er ekki talið í áætluninni yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir 1899.

Niðurjöfnunin, 1950 kr. fer fram úr því, sem jafna má niður áu samþykkis amtsráðsins, samkvæmt 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Islandi, sbr. 26. gr. 4., og sem er 1850 kr. 28 a. Sýslumaður hefði átt að leita samþykkis amtsráðsins til þessarar niðurjöfnunar, en ráðið vildi samt eptir atvikum samþykkja hana; það býst samt við, að nefndin gæti þess eptirleiðis, að bera slíka niðurjöfnun undir amtsráðið.

Forseti skýrði frá, að hann með brjefi, dags. 30. nóv. f. á., hefði leyft, að sýslunefndin tæki 400 kr. lán upp á 10 ár og með svo vægum kjörum, sem hægt væri að fá, handa Guðmundi Stefánssyni á Hvassahrauni, til þess að ljúka við byggingu gistihúss þar fyrir ferðamenn, þannig að hann setti húsið að veði fyrir láninu með 1. veðrjetti.

Forseti skýrði enn fremur frá, að hann hefði með brjefi, dags. 12. maí þ. á., leyft eða samþykkt, að sýslunefndin tæki 1000 kr. lán úr landsjóði

86

handa Birni hreppstjóra Þorlákssyni á Varmá til þess, að kaupa nýjar vinnuvjolar gegn tryggingu, sem væri fólgin í öðrum veðrjetti í eignarjörð hans Varmá og ábúðar- og timburhúsi þar. — Landshöfðingi hafði svo í brjefi, dags. 15. maí þ. á., veitt lánið vaxta- og afborganalaust fyrsta árið, en þar eptir skyldi það ávaxtast með 3½ af hundraði árlega og endurborgast á 28 árum.

Amtsráðið fjellst á þessar gjörðir forseta.

- F. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 7.—9. marz þ. á. — Samþykkt var að sýsluvegasjóður Borgarfjarðarsýslu mætti taka 800 kr. lán til þess að gjöra brú á sýsluveginum hjá Skoraholti í Leirársveit.
10. Forseti skýrði frá, að hann hefði skrifað sýslumönnunum 16. júlí og 22. sept. f. á., og sagt þeim fyrir um tilhögun þeirra skýrslna, er sendar skyldu amtsráðum eptirleidis ár hvert fyrir lok máim., um styrktarsjóði alþýðufólks, sem sýndu ástand sjóðanna við lok hvers liðins árs. Þessar skýrslur skyldu þannig liggja fyrir í fyrsta skipti á árinu 1900, og skyldu sýna, hvað mikið hver sjóður ætti við byrjun ársins, hve mikið gjald hefði verið innheimt á árinu og aðrar tekjur sjóðsins, svo sem gjöld fyrir leyfisbrjef til lausamennsku, tölu gjaldenda, karla og kvenna, og eign sjóðsins í Söfnunarsjóði Íslands við lok ársins.

Ennfremur skýrði forseti frá ástandi styrktarsjóðanna við árslok 1898 samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir lágu í brjefum sýslumanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júlí f. á. og 28. marz þ. á., í Vestmannaeyjasýslu, 28. okt. f. á. og 31. maí þ. á., í Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. marz þ. á. og í Skaptafellssýslu 10. f. m., og í meðteknum endurrítum af gjörðabókum sýslunefndanna, en við árslok 1898 skyldu sýslumenn taka við innheimtu gjalda til sjóðanna og allri reikningsfærslu þeirra, samkv. lögum 18. des. 1897 um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

- A. Vesturskaptafellssýsla. Eptir gjörðabókarútskriftinni var allt í lagi við árslok 1898 nema í Hörgslandshreppi; úr þeim hreppi vantaði reikningsskil fyrir 1897 og 1898, en eptir brjefi sýslumannsins, dags. 10. maí þ. á., sem var framlagt, var nú gjörð ráðstöfun til að eign sjóðsins til ársloka 1898 eða tekjurnar 1897 og 1898 væru borgaðar.
- B. Vestmannaeyjasýsla. Þar var alt í beztu röð og reglu eins og að undanfögnu.
- C. Rangárvallasýsla. Þar var allt í lagi að því undanteknu, að sparissjóðsbækurnar úr Hvolhreppi og Fljótshlíðarhreppi og Austureyjafjallahreppi vantaði, eða voru eigi framlagðar á fundinum 5.—7. apríl þ. á.
- D. Árnassýsla. Frá sýslumanni var engin skýrsla komin um ástand alþýðustyrktarsjóðanna þar í sýslu við árslokinn 1898, og skýrði forseti frá því, að hann hefði með brjefi, dags. 19. þ. m., skorað á sýslumann, að láta sjer slíka skýrslu í tje sem fyrst, þótt hann á hinn bóginn gengi út frá því vísu, að sýslumaðurinn hefði af venjulegri reglufestu sinni gengið eptir sjóðunum hjá hlutaðeigendum, þegar eptir áramótin.

E. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Eptir endurritinu úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvikjandi fundarhaldi hennar 25.—27. apríl þ. á., var eigi annað að ráða, en að reikningar úr öllum hreppum sýslunnar fyrir 1896 og 1897 hafi verið framlagðir og úrskurðaðir á fundinum. Við þessa rannsókn hafði það komið fram, að megn óregla hefði átt sjer stað í einum hreppi sýslunnar af hálfu eins manns, sem áður hefði verið þar hreppstjóri, og sem nú sæti með 159 kr. 50 a., sem væru tekjur alþýðustyrktarsjóðsins þar í hreppnum frá 1891 og 1892.

Forseti skýrði frá, að hann hefði með brjefi, dags. 19. þ. m., heimtað skýrslu sýslumanns um það, í hvaða ástandi hann hefði tekið á móti alþýðustyrktarsjóðunum við árslok 1898, og skorað á hann að heimta af fyrnefndum manni það fje, sem hann þannig ranglega hefði í vörzlum sínum og fullar bætur fyrir það tjón, sem sjóðurinn hefði orðið fyrir við fjárhald hans og eptir atvikum koma fram ábyrgð gegn honum samkv. 136. eða 144 gr. hegningarlaganna.

F. Borgarfjarðarsýsla. A fundi sýslunefndarinnar 7—9. marz þ. á. voru aðeins komnir reikningar fyrir 1898 úr 2 hreppum, úr hinum voru eigi reikningar komnir; gat forseti þess, að hann þegar hefði heimtað skýrslu sýslumanns hjerad lútandi.

Samkvæmt brjefum sýslumanns, dags. 13. júlí f. á. og 28. marz þ. á., var nú komið til skila, og sent í Söfnunarsjóðinn, styrktarsjóðsgjaldið úr 2 hreppum sýslunnar, þar sem óregla hafði átt sjer stað, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 30. júní—2. júlí f. á.

Amtsráðið lýsti því yfir, að það byggist við, að sýslumenn yfir höfuð hefðu látið sjer annt um, að öll skil lægju fyrir við afhending sjóðanna í þeirra hendur, þar sem þeir hefðu alla ábyrgð á þeim frá 1. jan. 1899, samkv. fyrnefndum lögum 18. des. 1897.

11. Forseti skýrði frá því, viðvikjandi málum um stofnun allsherjarbúnaðarfjelags fyrir allt landið, þannig að hin ömtin gengju í búnaðarfjelag Suðuramtsins, að málinu hefði verið frestað á fundi búnaðarfjelagsins 5. júlí f. á. vegna þess að amtsráðin í Norður- og Austurömtunum hefðu á aðalfundum sínum í fyrra frestað úrslitum þess af sinni hálfu til næstu funda (sbr. Stj.tíð. 1898, B. bls. 171—172 og bls. 178), en eptir að forseti hafði skýrt amtsráðinu í Vesturamtinu frá þessu á nýafstöðnum fundi þess, hefði það ályktað, að lýsa því yfir, að þar sem tilboði þess frá því í fyrra eigi hefði verið sinnt, þá stæði það tilboð eigi lengur.
12. Forseti lagði fram sýnishorn af eyðublöðum þeim, sem hann hafði búið til og látið prenta, samkv. ályktun amtsráðsins í fyrra, undir skýrslur þær, sem hreppstjórar eiga að senda sýslumanni árlega, samkv. lögum 26. febr 1898, um horfelli á skepnum, og gat þess, að svo væri komizt að orði í gjörðabókarútskriftinni úr Árnæssýslu, »að eyðublöðin væru mjög ógreinileg og óhentug«, og að óskað væri eftir nýum og betri sýnishornum (fyrirmyndum), en ekki var sagt neitt um það, að hverju leyti þeim væri ábótavant. Forseti skýrði einnig frá, að þessi eyðublöð hefðu ekki heldur fundið náð fyrir aug-

86

um sumra sýslunefnda í Vesturamtinu, en þær hefðu heldur ekki sagt neitt um, hvað að væri. Aftur á móti hefði amtsráðið í Vesturamtinu álitid eyðublöðin góð og gild.

13. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að leggja mætti niður lögferjuna á Öndverðarnesi í Grímsnesi yfir Hvítá og lögferjuna í Tungu í Grafningi yfir Sogið, þar sem lögferjur á þessum stöðum væru orðnar óþarfar eptir að sýslunefndin hefir tekið upp nýja lögferju yfir Sogið hjá Alviðru í Ölfusi.
14. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 26. apríl þ. á., þar sem hann samkv. ályktun sýslunefndarinnar fer þess á leit, að amtsráðið vildi enn að nýju beina þeirri ósk til landshöfðingjans, að hann ákveði sem fyrst, hvar flutningabrautir skuli liggja um Árnessýslu að svo miklu leyti sem það eigi væri þegar ákveðið.

Amtsráðið ályktaði, að beina þessum tilmælum til landshöfðingja með meðmælum sínum.

15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 25. apríl þ. á., þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar, að amtsráðið vilji beina þeirri málaleitun nefndarinnar til landshöfðingja með meðmælum sínum, að vegurinn frá Lækjarbotnum upp að Svinahrauni verði sem fyrst varðaður.

Amtsráðið ályktaði, að mæla þessari beiðni.

16. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 25. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá þeirri ályktun sýslunefndarinnar, að mæla sem bezt með því, að amtsráðið vildi veita sælahúsverðinum á Kolviðarhóli allt að 100 kr. styrk fyrir þetta ár í viðurkenningarskyni fyrir dugnað hans og greiðvikni við ferðamenn.

Amtsráðið ályktaði, að veita honum þennan styrk.

17. Forseti lagði fram frumvarp til almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vesturskaftafellssýslu, sem amtsráðið samþykkti til þess að öðlast gildi 1. sept. 1899.

18. Amtsráðið sá sjer eigi fært að samþykkja tillögu sýslunefndarinnar í Vesturskaftafellssýslu, um sameining 5. og 6. yfirsetukennaumdæmis sýslunnar í eitt umdæmi, sem yrði hið 4. umdæmi, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 30. júní — 2. júlí 1898, (Stj.tíð. 1898, B. bls. 147), fyrir sakir víðlendis og torfærna.

Umdæmin verða þá þessi:

1. Frá Skeiðarársandi að Geirlandsá (Hörgslandshreppur).
2. Kirkjubæjarhreppur að undanskildum Skaftárdal og Á.
3. Langholtssókn (Meðalland).
4. Þykkvabæjarklaustursókn (Álptaver).
5. Ása- og Búlands-sókn (Skaftártunga með Á og Skaftárdal).
6. Höfðabrekku- og Reynis-sóknir (Hvammshreppur).
7. Dyrhóla- og Sólheimasóknir (Dyrhólahreppur).

19. Að gefnu tilefni frá prestinum síra Þorkeli Bjarnasyni á Reynivöllum, lýsti amtsráðið því yfir, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði haft fulla heimild til þess að leyfa honum að ganga úr hreppsnefnd samkv. 9. gr. tilsk. 2. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.
20. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 31. maí þ. á., þar sem skýrt er frá því, að sýslunefndin í Vesturskaptafellssýslu hefði út af framkominni beiðni frá hreppsnefndinni í Leiðvallahreppi um 200 kr. styrk af sýslusjóði til greiðslu ýmsra skulda, sem uppá hreppinn stæðu og gjaldendur eigi gætu risið undir, samþykkt að bjóðast til að ábyrgjast allt að 500 kr. lán fyrir hreppinn, ef sannað yrði með rannsókni 2 utanhreppsmanna, er sýslumaður tilnefndi, að hallærishætta væri í hreppnum. Hreppsnefndinni hafi svo verið tilkynnt þessi ályktun sýslunefndarinnar 8. apríl, en eigi hafi hún enn beðið um framkvæmd á hinni umræddu rannsókni, enda muni hafa rætt nokkuð úr matvæskortum í hreppnum; hefir sýslumaður þá eigi fundið ástæðu til, að skipta sjer frekara af þessu, en í fyrnefndu brjefi sínu beiðzt leiðbeiningar amtsins, ef eitthvað kynni hjer að vera athugavert við aðgjörðir sýslunefndarinnar.

Forseti þar nú þetta mál undir amtsráðið, sem lýsti því yfir, að það á-liti rjett að farið hjer, en vill samt taka það fram, að svonefnd hallærislán handa hreppum eigi að takast upp á sýslusjóð, eða með öðrum orðum, sú hjálp, sem einhver hreppur þarfnast sökum hallæris, það er að segja yfirvofandi hungursneyðar, verður að greiðast af sýslusjóðnum, og verður eigi heimtuð endurgoldin af þeim hreppi, sem hjálpina hefir fengið, sbr. 39. gr. 5. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi. Ef ástand einhvers hrepps, sem þegið hefir hallærishjálp skyldi blómgast svo aptur, að það væri út-látalítið fyrir hann, að endurborga þá upphæð, sem honum hefir verið hjálpað um, þá er vitaskuld ekkert því til fyrirstöðu að hreppurinn gjöri það, og er slíkt enda vel til fallið, en skyldaður til þess verður hreppurinn ekki.

21. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 31. f. m., þar sem hún fer þess á leit, að amtið vildi gjöra sem allra-bráðasta ráðstöfun til þess, að hreppnum yrði veitt sú upphæð, 2000 kr., sem hún hefði beðið sýslunefndina í Gullbringu- og Kjósarsýslu um, til þess að afstýra mannfelli og hungursneyð þar í hreppnum, og í annað stað fella úr gildi þær ákvarðanir, sem sýslunefndin hefði gjört á fundi sínum 18. f. m., út af beiðni hreppsnefndarinnar um hina nefndu hjálp, sem sje þær, að ef bjargarvandráði kæmu fyrir í sýslunni fyrir næsta sýslunefndarfund, svo mikil, að hlutadeigandi hreppsnefndir gætu eigi ráðið fram úr því, þá skyldi taka upp hið bjargprotu fólk, er beiðzt hefði sveitarstyrks, og skipta því nið-ur á alla hreppa sýslunnar á kostað sýslusjóðs, og álitur hreppsnefndin það ólöglegt, að flytja fólk útúr hreppnum, til framfærslu annarstaðar, og held-ur því fram, að mikið tjón muni einmitt hljótast af því, að vinnuafli verði fluttur út úr hreppnum, svo matjurtagarðar og tún standi óræktuð.

Forseti gat þess, að hann hefði eigi getað álituð, að fyrnefnd ályktun

86

sýslunefndarinnar væri ólögleg í sjálfu sjer, eða svo vaxin, að hann hefði heimild til þess að fella hana úr gildi til bráðabirgða, samkv. 37. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, heldur álitid rjettara, að leggja málið fyrir amtsráðið á tilstandandi fundi þess, og þá sjer í lagi spurninguna um, hvort sú aðferð, sem sýslunefndin hefir hugsað sjer að viðhafa hjer, sje einhlýt til þess, að ljetta af þeirri neyð, sem von er á í fyrnefndum hreppi, og hvort ekki muni nauðsynlegt, að leggja nokkurt fje fram til þess.

Jafnframt var lagt fram brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 18. þ. m., innihaldandi umsögn hans um fyrnefnt erindi hreppsnefndarinnar, og ennfremur brjef hreppsnefndarinnar til amtsráðsins, dags. 21. þ. m., þar sem er skýrt frá hinu bága ástandi í hreppnum, og vitnað til framsends læknisvottorðs, en nú sje ástandið orðið þeim mun verra en áður, sem vinnufærir menn sjeu nú margir farnir í annan landsfjórðung til þess að leita sjer atvinnu þar; ennfremur er skýrt svo frá í brjefi þessu, að hreppsnefndin hefði skrifað sýslumanni 24. f. m., og beðið hann um, að ráðstafa 10 ómögum af 4 heimilum, sem kvartað hefðu yfir bjargarskortí, og sem hreppsnefndin sá engin ráð til þess að liðsinna. Beiðni þessi hafði verið byggð á ákvörðun þeirri, sem sýslunefndin hafði gjört á fundi sínum 18. f. m. Hreppsnefndin hefði svo enn skrifað sýslumanni 30. f. m., um þetta, og var það brjef, sem sýslumaður hafði sent amtsráðinu með fyrnefndu brjefi sínu, dags. 18. þ. m., einnig framlagt.

Amtráðið tók síðan þetta mál til umræðu, og fjellst að öllu leyti á, að ákvörðun sú, sem sýslunefndin gjörði 18. f. m., væri í alla staði lögleg, og að hún væri hið einasta tiltækilega úrræði, en vel að merkja, ef henni fylgja skjótar og hyggilegar framkvæmdir. Nú gat amtsráðið eigi sjeð, að gjörðar hefðu verið nokkrar undirbúningsráðstafanir í þá átt, að flytja ómaga Vatnsleysustrandarhrepps í aðra hreppa sýslunnar, og bentu hin áðurnefndu brjef, sem sje brjef hreppsnefndarinnar til sýslumanns, dags. 30. f. m., með tilheyrandi skilrikjum fyrir því, að menn á fleiri heimilum í hreppnum hefðu sagt sig til sveitar, og brjef hreppsnefndarinnar til amtsins, dags. 21. þ. m., til þess að eigi lægi annað fyrir en eintóm ákvörðun sýslunefndarinnar, en engar framkvæmdir, enda virðast ummæli sýslumannsins í fyrnefndu brjefi hans til amtsins, dags. 18. þ. m., ganga í þá átt, að eigi væri ástæða til þess, að gjöra neitt hreppnum til hjálpar. Afleiðingin af því, að ekkert hefði verið gjört enn til þess að framkvæma ályktun sýslunefndar, gæti, að áliti amtsráðsins eigi verið önnur en sú, að óhjákvæmilegt væri að hjálpa hreppnum þegar með matvælum eða peningum til matvælaþauka, og ályktaði amtsráðið því, að skora á sýslunefndina, að halda fund sem allra fyrst og veita Vatnsleysustrandarhreppi allt að 1000 kr. styrk þegar í stað, til þess að afstýra þeirri neyð, sem auðsjáanlega vofir yfir þar, og jafnframt setja þegar í stað þær ráðstafanir í verk, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þeirri ákvörðun, sem gjörð var á auka-

fundi sýslunefndarinnar 18. f. m., en treysti oddviti sjer eigi til að takast þetta verk á hendur einn, verður nefndin að skipa honum aðstoðarmenn. **86**

22. Framlagt var brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 15. þ. m., þar sem hann skýrir frá því, að landshöfðingi hafi eptir beiðni sýslunefndarinnar látið verkfróðan mann mæla upp veginn eða vegalengdina frá Hafnarfirði suður á Vogastapa, og gjöra áætlun um kostnað við vegalagning yfir nefnt svæði. Sýslumaðurinn hefir nú sent amtsráðinu uppmæling þessa og áætlun um kostnaðinn, sem er talinn að muni nema 82340 kr., og útdrátt úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvikjandi fundarhaldi hennar, 25.—27. apríl þ. á., sem sýnir, að nefndin hefir falið oddvita, að sækja um allt að 20000 kr. styrk til alþingis úr landssjóði til vegalagningar frá Reykjavíkurlandi suður að Kúagerði, og jafnframt ákveðið, að leggja jafnmikið fje til vegagjörðarinnar og fengist úr landssjóði, en ástæður fyrir því, að vegalengdin er talin frá Reykjavík, er eptir skýrslu sýslumannsins sú, að vegur er þegar lagður á kostnað sýsluvegasjóðs frá Reykjavíkurlandi og suður í Hafnarfjörð, sem hefir kostað hátt á 10,000 kr.

Jafnframt því að skýra frá þessu, hefir sýslumaður, áður en hann gjörði frekara í þessu, óskað eptir leiðbeining amtsráðsins um, hvort tiltækilegt væri, eins og ástandið væri í sýslunni, að baka sýslusjóði þann kostnað, sem slik vegagjörð hefði í för með sjer.

Meining sýslumannsins mun vera sú, að fá samþykki amtsráðsins til þess, að taka lán það, sem nauðsynlegt yrði til þess að leggja kostnað í þessa vegagjörð, og kemur það fram hjá honum, að lánið eigi að takast upp á sýslusjóð.

Amtsráðið hafði ekki neitt á móti því, að tekið yrði allt að því 10,000 kr. lán upp á sýslusjóð eða sýsluvegasjóð eða báða þessa sjóði, með því skilyrði, að 20,000 kr. fengjust úr landssjóði á móti nefndum kostnaði og þeim kostnaði, sem þegar er lagður í vegagjörðina milli Reykjavíkurlands og Hafnarfjarðar.

23. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að hinn svonefndi Melavegur frá Selfossi til Eyrarbakka skyldi numinn úr sýsluvegatölu, en vegur þessi er orðinn ónauðsýnlegur sakir flutningabrautarinnar, sem verið er að leggja frá Eyrarbakka upp að Ölfusá, og sem verður fullgjör í sumar.
24. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 13. apríl þ. á., þar sem hann beinir til amtsráðsins þeirri ályktun eða tillögu nefndarinnar, að ákveðin verði flutningabraut frá Þjórsá að Raudalæk hjá bæn- um Efri Raudalæk og þaðan að Árbæ.
- Amtsráðið ályktaði, að beina þessari málaleitun til landshöfðingja.
25. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 12. apríl þ. á., þar sem hann ber undir samþykki amtsráðsins, að leggja megi niður Sandhólaferju á Þjórsá frá 15. júlí til 15. sept. ár hvert.
- Amtsráðið samþykkti þetta.

- 86** 26. Forseti lagði fram skýrslu um kennsluna á kvennaskólanum í Reykjavík 1898—99, og um vorprófið þar og ennfremur reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept. 1897 til 31. ágúst 1898.

Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

27. Endurskoðendur lögðu fram: reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suð-uramtsins 1898, reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins s. á. og reikning yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfaði þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu s. á. og voru þeir samþykktir.

Amtsráðið fann ástæðu til að lýsa því yfir, að eigi þyrfti að fylgja nein sjerstök skilagrein fyrir jafnarsjóðsgjaldi hvernar sýslu, eins og gjört hafði verið ráð fyrir í brjefi amtsins, dags. 19. ágúst f. á.

28. Framlagður var aptur reikningur yfir tekjur gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða um viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1898—99, reikningur skólastjóra yfir tekjur gjöld skólabúsins 1898—99 og fl., eptir að þessir reikningar höfðu verið endurskoðaðir af þeim amtsráðsmönnum, er þar til höfðu verið kvaddir. Reikningar þessir voru samþykktir án athugasemda, en þó vildi amtsráðið, að eptirleiðis fylgi sjerstök skýrsla um smjörölu og viðskiptareikningar búsins við kaupmenn.

Reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju fyrir 1897—98 var ókominn.

Forseti lagði því næst fram skýrslu skólastjóra um kennslu á skólanum 1897—98, og um framkvæmd hans í jarðabótastörfum og húsabyggingum á skólastetrinu. Á skólanum höfðu verið 8 námssveinar að sumrinu en 7 að vetrinum, að sumrinu 5 í efri deild, en 3 í yngri deild, en að vetrinum 4 í efri deild en 3 í yngri. Framkvæmdir skólans í jarðabótarstörfum voru þessar:

a. Sljettaðir í túni 1926 fadmar.

b. Grafinn vörzluskurður með garði, lengd 166 fadmar, meðalbreidd 6 fet og dýpt 2 fet.

c. Hladinn vörzluskurður af torfi, lengd 136 fadmar, hæð 4—5 fet, og meðalþykkt 4 fet og gjört lokræsi af möl 14 fadmar.

Að því leytí, er snertir húsabætur, voru eldri peningshús umbætt að nokkru og byggð heyhlaða yfir 1400 heyhesta, að lengd 27. áln., breidd 12 áln., stafahæð 8 áln. Við báðar hliðar hlöðunnar að endilöngu eru 12 álna breiðir skúrar með 4 garðastæðum hvor, og taka til samans 320 sauðkindur. Húsið er allt úr timbri og járnvarið að undanteknum norðurgafli.

Hús þetta hafði orðið dýrara en áætlað var, sem sé 6045 kr. 97 a., en þar af var kostað af skólabúinu 799 kr. 10 a. Húsið mátti samt eigt heita dýrt, þegar tekið er tillit til stærðar þess og hins vandaða frágangs á því.

Samkvæmt hinum framlögðu reikningum, er skólastofnunin nú í skuld við amtmann um 2428 kr. 55 a.; auk þess eru óborgaðar 400 kr. af launum skólastjóra fyrir 1898—99; skuldir búsins eru um 900 kr. og er þar í skuld við skólastjóra 207 kr. Aptur á móti er til enn af tekjum 2000 kr. af þeim 2586

kr., sem samkvæmt ákvörðun amtsráðsias í fyrra skyldu greiðast af jafnaðarsjóðsgjaldinu á þessu sumri. Jafnhliða þessu falla til útborgninn til búsins nú þegar við byrjun þessa yfirstandandi skólaárs, allt að því 1000 kr.

Fjárhagur skólastofnunarinnar er þannig mjög bágborinn og er alveg nauðsynlegt að kippa þessu í lag, þannig, að tekjur skólans sjeu til taks, þegar útgjöldin falla til, og eigi þurfi að ætla á tekjur, sem alls ekki koma til fyr en skólaárið er á enda. Að taka enn lán er frágangssök og að biðja um sjerstakan eða aukinn styrk úr landssjóði, er tilgangslaust. Það eina ráð til þess, að rjetta fjárhaginn við og koma því ólagi af, að skólastjórnin eða gjaldkeri skólans þurfi að taka fyrir sig fram, er að nota nokkuð af búnaðarskólasjóðnum með samþykki landshöfðingja í þarfir skólans, eins og hann hefir leyft Nordur- og Austurömtunum að nota búnaðarskólasjóðinn þar, í hinu fyrgreinda amti að öllu leyti, til búnaðarskóla.

Amtsráðið ályktaði, að fá samþykki landshöfðingja til þess, að mega nota eða hafa til taks allt að því 5000 kr. nú þegar af stofnfje búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins, en af jafnaðarsjóðsgjaldinu fyrir 1900 skyldi ekki greiða neitt til hins nýbyrjada eða yfirstandandi skólaárs 1899—1900, heldur skyldi taka af því tillag amtsins til skólans fyrir skólaárið 1900—1901.

Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndariunnar, dags. 2. þ. m., þar sem skýrt er stuttlega frá fjárhag búsins og gjörðar tillögur um fjárveitingar til skólabúsins; er þar jafnframt skýrt svo frá, að innistandandi skuldir búsins sjeu nú um 900 kr. meiri en útstandandi skuldir þess, og að þær væru svo miklar, kæmi sjerstaklega til af því, að laxveiði hafi algjörlega brugðizt í fyrra sumar. Við það bættist, að verzlunarhorfurnar væru mjög bágar. Þess vegna yrði ekki komizt af með minna til skuldalúkninga, matvælakaupa, kaupafólks og vinnufólks en 2000 kr. eða sömu upphæðina og í fyrra, sem sje 1400 kr. til búsins og 680 kr. til skuldalúkningar. Ennfremur hefir stjórnarnefndin í brjefi, dags. 6. marz þ. á., sem var framlagt, farið þess á leit, eða lagt það til, að keyptir verði 2 heyvagnar, sem kosta muni 120 kr. hvor og ein aktýgi fyrir hjer um bil 70 kr. og ennfremur smjörgjörðaráhöld fyrir 457 kr., alls 767 kr.

Ennfremur skýrir stjórnarnefndin frá nauðsyninni á því, að byggja haugshús og í sambandi við það geldneytafjós, og væri æskilegt, að þetta gæti orðið á sumrinu 1900, en þó kæmi það sjer vel, að veitt yrði nú þegar dálítið fje til undirbúnings þess, svo sem til þess að sprengja grjót og draga saman grjót í grundvöll þegar á þessu yfirstandandi skólaári.

Amtsráðið samþykkti þessar fjárveitingar í þarfir skólans, og að því leyti, er snerti undirbúning til þess að koma upp haugshúsi og geldneytafjósi mætti nota á þessu skólaári 200 kr. Um bygging hússins skyldi engin ákvörðun tekin fyr en á næstu amtráðsfundi.

Forseti lagði fram brjef stiptyfirvaldanna, dags 19. apríl þ. á., og þar með fylgjandi erindi prófastsins í Borgartjarðarprófastsdæmi, dags. 4. s. m., um að keypt verði organ handa kirkjunni á Hvanneyri, sem áður hefir verið farið fram á; ennfremur var fram lagt skjal eða yfirlýsing frá 24 sóknarmönnum

86

um útvegum organsins, sem vitnar í ályktun safnaðarfundar í hitt hið fyrra hlutaðeigendur skuldbinda sig til að launa organleikara.

Amtráðið veitti til þessa 250 kr., að meðtöldum flutningskostnaði hingað til Reykjavíkur.

Samkvæmt því, sem tekið er fram, var samín svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld skólans fyrir 1899—1900:

Tekjur:

1. Landssjóðsstyrkur á árinu 1900	kr. 2500	
2. Gjald eftir 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtsjóða og sýslusjóða og tekjur frá búnaðarskólasjóði fyrir 1899	— 1600	
3. Ur sjálfum búnaðarskólasjóðnum	— 4300	kr. 8400

Gjöld:

1. Afborgun upp í lán og vaxtagreiðslur:		
a. til landsjóðs	kr. 1504	
b. til landsbankans	— 1262	
c. til kirkjusjóðs	— 144	— 2910
2. Skuldir frá fyrra ári:		
a. Við reikningshaldara	— 428	
b. Skuldir innistandandi	— 900	
c. Við skólastjóra	— 600	— 1928
3. Laun skólastjóra 1899—1900	— 1000	
4. Laun aðstoðarkennara 1899—1900	— 200	
5. Til smíðakennslu	— 100	
6. Til bókkakaupa handa lærisveinum	— 70	
7. Til hjúalauna, verkalauna daglanamanna, mat- væla og kaupstaðarvarnings.	— 1400	
8. Til organs handa Hvanneyrarkirkju	— 250	
9. Til undirbúnings haugshúsbyggingar	— 200	
10. Önnur útgjöld	— 342	— 8400

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólastofnunarinnar í far-
dögum 1899.

Eignir:

1. Hvanneyri með kirkjújörðum, hjáleigum ítökum, að kirkjunni sjálfri fráskilinni	kr. 16000 00
2. Kirkjan á Hvanneyri	— 3800 00
3. Hús önnur en jarðarhús	— 22900 00
4. Lifandi peningar	— 5256 00
5. Jarðyrkjuverkfæri og heyskaparáhöld	— 1247 25
6. Bækur og kennsluáhöld	— 313 30

Flyt: kr. 49516 55

	Fluttar:	kr.	49516 55	
7. Smíðatól og fl.	—		192 50	
8. Skip og laxveiðaáhöld	—		319 00	
9. Heyfyrningar og búsafléifar	—		4010 00	
10. Annað lausafje	—		2157 90	
11. Útistandandi skuldir	—		507 78	kr. 56703 73

Gjöld:

1. Óborguð lán:				
a. til landssjóðs	kr.	26117 90*		
b. úr landsbankum	—	8150 00**		
c. úr Kirkjusjóði	—	1100 00		
d. úr búnaðarskólasj.	—	1000 00	—	36367 90
2. Ýmsar skuldir.	—			2239 00
3. Mismunur	—			18096 83 — 56703 73

29. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1900:

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1899	kr.	600 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald: (Þar með talið gjald samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum til amtsjóða og sýslusjóða)	—	5700 00	kr. 6300

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	600 00
2. Ferðakostnaður	—	200 00
3. 6. afborgun upp í rentugreiðslur til Ölfusárbrúarinnar	—	482 63
4. Kostnaður samkv. lögum 2. okt. 1891, um skipun dýrlækna á Íslandi	—	300 00
5. Menntamál (kvennaskóliinn í Reykjavík)	—	100 00
6. Gjald til búnaðarskólans á Hvanneyri á skólaárinu 1900–1901 samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum til amtsjóða og sýslusjóða	—	840 00
	Flyt:	kr. 2522 63

*) 1. Eptirstöðvar af láninu frá 10. jan. 1885	kr.	800 93
2. — — — — — 8. júní 1896	—	2098 45
3. — — — — — 3. sept. 1892	—	8673 31
4. Lán án afborgana 24. nóv. 1888	—	11800 00
5. Eptirstöðvar af láninu frá 30. júlí 1894	—	2745 21
	kr.	26117 90
***) 1. Eptirstöðvar af láninu frá 25. júlí 1895	kr.	3150 00
2. Lán frá 19. júlí 1898	—	5000 90
	kr.	8150 00

86

Fluttar: kr. 2522 63

7. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir skólaárið 1900—1901	—	3000 00	
8. Ýmisleg útgjöld	—	300 00	
9. Eptirstöðvar	—	477 37	kr. 6300

Með því eigi má jafna niður nema 4578 kr. 36 a. samkv. 56. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, ályktaði amtsráðið, að leita samþykkis landshöfðingja til að jafna niður 4860 kr., sem er hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 30. júní 1899.

J. Havsteen.

87

Skýrsla

um aðalfund amtráðsins í Vesturamtinu 10.—12. júní 1899.

Árið 1899 10. júní var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Stykkishólmi af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Ásgeiri bónda Bjarnasyni á Knararnesi (úr Mýrasýslu), kaupmanni Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnarsyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), Eyjólfí kaupmanni E. Jóhannssyni í Flatey (úr Austurbarðastrandasýslu), hjeráðslækni Davíð Sch. Thorsteinsson í Stykkishólmi (úr Vesturbarðastrandasýslu), síra Kristni Danielssyni á Söndum (úr Vesturísafjarðarsýslu) og prófasti síra Páli Ólafssyni á Prestbakka (úr Strandasýslu). Amtsráðsmaðurinn úr Norðurísafjarðarsýslu hafði í brjefi, dags. 27. f. m., tjáð forseta forföll sín, og sömuleiðis hafði vara- maðurinn skýrt forseta frá, að hann gæti eigi mætt.

Forseti minntist sorglegs fráfalls amtsráðsmanns úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Þórðar dbrm. Þórðarsonar frá Rauðkollsstöðum.

Með því eigi er borgað jafnaðarsjóðsgjald af Ísafjarðarkaupstað, eptir að lög 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtsjóða og sýslusjóða eru útkominn, sbr. 60. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi, verður kaupstaðurinn eigi skoðaður sem partur af amtinu sem amtsráðsumdæmi, og amtsráðsmaður Skúli Thoroddsen á Ísafirði þá eigi skoðaður sem búsettur í því, en samkv. 45. gr. nefndrar tilskipunar hlýtur fast aðsetur í amtinu að vera eins skilyrði fyrir því, að geta setið í amtsráðinu sem fyrir því, að vera kosin í það. Þar sem sæti Skúla sýslumanns Thoroddsens í amtsráði Vesturamtsins þannig væri laust, ályktaði amtsráðið að kjósa skyldi nýjan amtsráðsmann úr Norðurísafjarðarssýslu fyrir þann tíma, er Skúli Thoroddsen ætti eptir að sitja í amtsráðinu.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamts-